

Erindi íbúa í hverfinu dags. 24. apríl 2023 um utanumhald hraukabeðs í hverfinu.

Sæll

Vonandi gefur þetta sér mynd af viðfangsefninu.

Vorið 2018 tók ég þátt í sýningunni HJÓLIÐ - FALLVELTI HEIMSINS sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stóð fyrir.

<http://hjolid.is/2018/is/listamenn/dagny-gudmundsdottir>

Verkið sem ég sýndi heitir "Eitthvað að bíta í" og er hraukabeð (hugelkultur) með kryddjurtum og ætum blómum á opnu svæði milli Safamýrar og Háaleitisbrautar, í almannarými þar sem íbúar hverfisins og þeir sem eiga leið um geta sótt sér eitthvað að bíta í.

Mikil vakning er að verða fyrir mikilvægi þess að rækta matvæli sem næst neytandanum. Það auðveldar aðgengi að matnum, hægt er að neyta hans ferskari og orkusóun minnkar. Þröngt borgarrými gerir kröfur um annars konar útfærslu en garðar í strjálbýli. Inni í borg er ekki hægt að vænta þess að allir hafi eigin garð við sín hús. Eitthvað að bíta í er samfélagsverkefni til að koma til móts við þetta. Íbúar og þar með leikskólabörn geta tekið þátt í að halda við og þróa verkið og nýta síðan afurðirnar og gleðja þannig augu, maga og félagsþörf. Ég held að hraukabeð séu mjög hentug til að rækta í almannarými. Þau halda vel í sér raka, hita og með tímanum gefa þau áburð. Þar að auki er hægt að koma mörgum plöntum fyrir á litlu svæði.

Listasafn Reykjavíkur gerði 2019 við mig samning til fjögurra ára um að ég héldi hrauknum við og væri með leiðsagnir.

<https://reykjavik.is/frettir/bragdgod-list-i-almannarymi>

Það hefur glatt mig að verkið virðist hafa fengið sess meðal almennings. Síðasta vor þegar ég vann að viðhaldi á verkinu kom fjöldi manns til mín og þakkaði mér fyrir. Kona kom til mín og sagði að hún horfði á verkið út um gluggann. Það væri svo skemmtilegt að sjá hvað hraukurinn væri orðinn mikil miðja í umhverfinu. Fjölskyldur koma, börnin leika sér og foreldrarnir sækja plöntur í matinn. Eftir að ég var með leiðsögn fyrir leikskólabörn heyrði ég úr ýmsum áttum að þegar fólk skoðaði hraukinn komu börn og fræddu þau um hann og bentu á jurtir sem væru bragðgóðar eða ilmuðu vel.

Nú er staðan þannig að Listasafn Reykjavíkur hefur ekki hugsað sér að framlengja samninginn enda með mörg verkefni og fjármagn af skornum skammti. Ég þakka safninu fyrir þessi fjögur ár. Ég treysti mér ekki til að sjá um hraukinn og borga það sem til þarf um ókomin ár. Mér þætti mjög leiðinlegt að taka hraukinn þegar hann er farinn að skipta máli í samfélaginu. Það er líka ómögulegt að skilja hann eftir í reiðileysi. Ég er til í að gefa samfélaginu verkið ef það er tryggt að því verði haldið við og nýtist. Kannski er möguleiki á einhvers konar samvinnu íbúa og borgarinnar?

Í hrauknum eru fjölærar plöntur s.s. graslaukur, piparminta og eplaminta, skessujurt, mjaðurjurt og piparrót (í dalli). Í gegnum árin hefur mikið af oragano, tímían, marjoram, salvía og nokkrar tegundir af melissu lifað af veturinn. Ég veit ekki hvernig þetta kalda og snjólétta tímabil undanfarið hefur farið með plönturnar. Undanfarið hef ég bætt við einni og einni plöntu til viðbótar við það sem fyrir er. Ég hef líka gróðursett töluvert af steinselju bæði flatri og krullaðri, fjólum, hádegisblómum, skjaldfléttu, morgunfrú, kamillu og hjólkrónu. Það væri gaman að bæta við fagurífli, kannski einhverjum brúskum og öðrum ætum plöntum. Ég á til merkisþjöld sem ég fékk hjá Grasagarðinum

með nöfnum á flestum plöntunum.

Á vorin hef ég hreinsað hraukinn og tekið þær plöntur sem ég vil ekki hafa. Það er misjafnt hvað ég hef bætt við miklu af lífrænumáburði, sveppamassa og mold. Læt svo niður æt sumarblóm og kryddjurtir.

<https://listasafnreykjavikur.is/frettir/listaverk-vikunnar-eitthvad-ad-bitu-i>

<https://borginokkar.is/node/10991>

<https://reykjavik.is/frettir/bragdgod-list-i-almannarymi>

<http://skyggnissteinn.blogspot.com/2019/07/eitthva-bitu-i.html>

Kveðja,

Dagný

Dagný Guðmundsdóttir
s. 8470946

<http://skyggnissteinn.blogspot.com/>

<http://www.dagny.is>

Fylgiskjöl – Sjá myndir að neðan.





